

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 76 – 04.10.2006

---

Miðvikudaginn 4. október, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason og Páll Dagbjartsson, Pétur Valdimarsson forfallaðist. Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Umsókn um lán til Lánasjóðs sveitafélaga vegna kaupa á Gagnaveitu Skagafjarðar.
2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2006.
3. Orkuþing 12. og 13. okt. 2006.
4. Önnur mál.

## AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að taka lán að upphæð 25 milljónir kr. hjá Lánasjóði sveitarfélaga í lánapakka Sveitarfélagsins Skagafjarðar, vegna fjárfestinga. Lánið skal endurgreiðast á 10 árum og ber 4.4% breytilega vexti auk verðtryggingar. Innágreiðsla og uppgreiðsla er heimil. Lántökugjald er 0,250 %.
2. Páll Pálsson lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 þar sem kemur fram að launaliður hækkar um 5 milljónir m.a. vegna aukina umsvifa. Lán eru aukin um 19 milljónir aðallega vegna kaupa á hlutafé í Gagnaveitu Skagafjarðar, gert er ráð fyrir að peningaleg staða um áramót verði 4 milljónum króna betri en gert var ráð fyrir.
3. Páll Pálsson gerði grein fyrir Orkuþingi sem haldið verður í Reykjavík 12. – 13. október nk.. Samþykkt að Páll Pálsson og Einar Gíslason sækji þingið.
4. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Páll Pálsson (sign)



This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.